



Borgarráð

Tillaga um breytingu á gjaldskrá Hundaeftirlitsins

Lagt er til að meðfylgjandi breytingar á gjaldskrá Hundaeftirlitsins verði samþykktar fyrir árið 2021.

Hundahald

Lýsing	Skýring	Eining	2021	2021	Breyting
			Verð	Verð var	
Skráning			11.900	20.800	-42,8%
Árlegt þjónustu- og eftirlitsgjald			9.900	19.850	-50,1%
Handsömun (óskráðir hundar)			30.200	30.200	0,0%

Greinargerð

Um tímabundið tilraunaverkefni er að ræða til þriggja ára með það að markmiði að hækka hlutfall skráðra hunda í Reykjavík. Verkefnið byggir á mati stýrihóps um þjónustu við gæludýr þar sem fram kemur að hlutfall skráðra hunda fari lækkandi í borginni og nauðsyn þess að snúa þeirri þróun við.

Til að lækkanir í tillögu þessari standi undir rekstri hundaeftirlitshluta nýrrar Dýrþjónustu Reykjavíkur (DÝR) fyrir 2021, sem er um 31 m.kr. skv. rekstraráætlun, þarf fjöldi á skrá nálega að tvöfaldast (80%). Því má áætla að 2021 muni fyrirhuguð lækkun gjaldskrár hafa talsverð neikvæð áhrif á reksturinn þar til skráningarhlutfall eykst og tekjur fara að hækka á ný og jafnvægi næst.

Núverandi gjaldskrá gerir ráð fyrir að séu ákveðin skilyrði uppfyllt sé hægt að fá 50% afslátt af eftirliti hunda sem þá væri gjald upp á 9.925 í stað 19.850. Það afsláttarverð verður eftir breytingu 6.900 sem er rúmlega 30% afsláttur af eftirlitsgjaldi.

Áætlað kostnaðarmat vegna tillögunnar vegna ársins 2021 er 11 m.kr. miðað við aukningu á skráningum um 10% á fyrsta ári. Forsendur eru miðaðar við bókhaldslega stöðu hundaeftirlits hjá HER í árslok 2020.

Bent er á að ÍTR þarf 11 m.kr. inn í ramma ársins 2021 til þess að mæta fyrirsjáanlegri tekjulækkun vegna verkefnisins þannig að rekstur þessa hluta DÝR sé tryggður.

Leiði breytingin ekki til þess að skráningum fjölgi, líkt og vonir standa til, má gera ráð fyrir því að ÍTR óski eftir viðbótarfjárheimildum á meðan á verkefninu stendur árin 2022 og 2023. Fjölgi skráningum hins vegar umfram áætlanir er jafnvel unnt að lækka gjaldskrána enn frekar, enda er hugsunin sú að gjaldskrár standi undir kostnaði borgarinnar vegna hundahalds í borginni.

Hundaeftilitsgjöld fyrir árið 2020

Gjald	Fjöldi	Verð	Tekjur
Fyrsta Hundaref.gj.	229	20.800	4.763.200
Hundaeftilitsgjald	723	19.850	14.351.550
Gjald með afslætti	1.174	9.925	11.651.950
Alls:	2.126		30.766.700

Fjölgun á skráðum hundum vegna lækkun gjalda	10%
--	-----

Áætluð hundaeftilitsgjald árið 2021 miðað við gjaldskrárlækkun

Gjald	Fjöldi	Verð	Tekjur
Fyrsta Hundaref.gj.	251	11.900	2.992.160
Hundaeftilitsgjald	794	9.900	7.859.155
Gjald með afslætti	1.289	6.900	8.894.459
Alls:	2.334		19.745.773

Kostnaður við lækkun á gjaldskrá	11.020.927
----------------------------------	------------

Í meðfylgjandi gögnum koma fram upplýsingar um hverja gjaldskrártillögu, þ.e. hver gjaldskráin verður árið 2021 eftir breytingar, hver sé samþykkt gjaldskrá til samanburðar og hve mikil hlutfallshækkun felst í tillögunni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Gjaldskrá hundaeftilitsins 2021

Breyting á gjaldskrá 2021

Hundahald

Lýsing	Skýring	Eining	2021	2021	Breyting
			Verð	Verð var	
Skráning			11.900	20.800	-42,8%
Árlegt þjónustu- og eftirlitsgjald			9.900	19.850	-50,1%
Handsömun (óskráðir hundar)			30.200	30.200	0,0%